

# Safnarannsóknir

Könnun á umfangi og skipulagi rannsókna í íslensku safnastarfi

**Ólöf Gerður Sigfúsdóttir**

2021 – Rannsóknasetur í safnafræðum



**Safnarannsóknir: Könnun á umfangi og skipulagi rannsókna í íslensku safnastarfi.**

Höfundur: Ólöf Gerður Sigfúsdóttir.

Útgefandi: Rannsóknasetur í safnafræðum við Háskóla Íslands.

Skýrslan var unnin sem hluti af rannsóknarverkefni „Heimsins hnoss: Söfn efnismenningar, menningararfur og merking“ sem hlaut öndvegisstyrk úr Rannsóknasjóði Íslands 2018-2021 (styrknúmer IRF 184976-051).

ISBN: 978-9935-9465-1-5.

© 2021 Ólöf Gerður Sigfúsdóttir og Rannsóknasetur í safnafræðum við Háskóla Íslands.

# Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur</b>	<b>1</b>
<b>2. Aðferð, afmörkun og úrvinnsla könnunar</b>	<b>2</b>
<i>Grunnbreytur</i>	3
<b>3. Niðurstöður könnunar</b>	<b>3</b>
<i>Stefna um rannsóknir</i>	3
<i>Umfang rannsókna</i>	4
<i>Mannauður</i>	5
<i>Tengsl rannsókna við safnkost</i>	6
<i>Fjöldi rannsókna og dæmi</i>	6
<i>Miðlun rannsókna</i>	7
<i>Verkaskipting rannsókna og hlutverk rannsakenda</i>	7
<i>Samstarf um rannsóknir</i>	9
<i>Fjármögnun rannsókna</i>	10
<i>Stuðningur við rannsóknarstarf</i>	11
<i>Rannsóknamenning</i>	12
<b>4. Hvað eru safnarannsóknir?</b>	<b>14</b>
<b>5. Fjármögnun safnarannsókna</b>	<b>15</b>
<b>6. Stjórnýsla safnarannsókna</b>	<b>16</b>
<i>Siðareglur ICOM fyrir söfn</i>	16
<i>Safnalög</i>	17
<i>Safnaráð</i>	17
<b>7. Stefnumörkun um safnarannsóknir</b>	<b>18</b>
<i>Höfuðsöfnin þrjú</i>	18
<i>Þjóðminjasafn Íslands</i>	18
<i>Náttúruminjasafn Íslands</i>	20
<i>Listasafn Íslands</i>	20
<b>8. Lokaorð</b>	<b>21</b>
<b>Heimildaskrá</b>	<b>22</b>
<b>Viðauki</b>	<b>23</b>



# 1. Inngangur

Í þessari skýrslu eru reifaðar niðurstöður könnunar sem var lögð fyrir forstöðumenn viðurkenndra safna í desember 2020 um þátt rannsókna í starfi þeirra. Þetta er í annað sinn sem könnunin er lögð fyrir, en hún var sett fram í fyrsta skipti árið 2014. Markmið kannananna er að kortleggja umfang og skipulag rannsókna við viðurkennd söfn hér á landi, með samanburð á milli ára í huga. Þættir eins og rannsóknastefna, fjármögnun, mannauður, samstarf og miðlun rannsókna eru skoðaðir, auk þess sem leitast er við að skilja almennt viðhorf safnastarfsfólks til rannsóknþáttarins í samhengi við önnur störf, eins og söfnun, varðveislu, fræðslu og miðlun. Sömu spurningar voru lagðar fyrir í báðum könnunum, en átta söfn bættust í hóp viðurkenndra safna milli fyrirlagna. Um niðurstöður fyrri könnunarinnar má lesa í skýrslu sem gefin var út af safnaráði árið 2014.<sup>1</sup> Við fyrirlögn beggja kannananna var ekki gengið út frá fyrirfram ákveðinni skilgreiningu á hugtakinu „safnarannsókn“, þar sem stefnumótandi aðilar höfðu á þeim tíma ekki lagt fram opinbera túlkun á hugtakinu eða sett fram skýrar kröfur til viðurkenndra safna hvað varðar rannsóknastarf þeirra.<sup>2</sup> Þetta kann að skekkja niðurstöður kannananna þar sem söfn leggja eflaust ólíka merkingu í hvað það þýðir að rannsaka á safni, en engu að síður gefa kannanirnar áhugaverða innsýn í rannsóknavirkni safna hér á landi og nálgun þeirra til rannsóknahlutverksins. Auk þeirra svara sem aflað var með könnuninni var stuðst við ýmis önnur gögn við gerð þessarar skýrslu, s.s. stefnur safna, heimasíður þeirra, ársskýrslur og önnur gögn frá safnaráði, fræðilega útgáfu á sviði safnafræða, auk viðtala við safnastjóra höfuðsafnanna þriggja og framkvæmdastjóra safnaráðs.

Skýrslan er þannig uppbyggð að fyrst er aðferðafræði við fyrirlögn og úrvinnslu könnunarinnar lýst og því næst er fjallað um niðurstöður í ellefu undirköflum og þær bornar saman við niðurstöður könnunarinnar frá 2014. Í síðari hluta skýrslunnar eru skilgreiningar á safnarannsóknnum ræddar auk þess sem fjármögnun, stjórnslá og stefnumótun um rannsóknþáttinn eru tekin fyrir.


---

<sup>1</sup> Ólöf G. Sigfúsdóttir, Söfn sem þekkingarmiðstöðvar: Könnun á umfangi og skipulagi rannsókna í íslensku safnastarfi, 2014.

<sup>2</sup> Nú hefur safnaráð gefið út opinbera stefnumörkun um safnastarf í fyrsta sinn, sem segja má að endurspegli nálgun ráðsins til safnarannsókna. Sjá nánar um stefnumótun í 7. kafla.

## 2. Aðferð, afmörkun og úrvinnsla könnunar

Könnunin var unnin í forritinu QuestionPro og send í tölvupósti til forstöðumanna allra viðurkenndra safna í desember 2020. Spurt var um helstu málefni varðandi faglegt starf í samhengi við rannsóknir, s.s. viðfangsefni, mannauð, verkaskiptingu, samstarf og miðlun, auk fjármögnunar. Leitast var við að fá almenna innsýn í nálgun safnastjórnenda til rannsókna, greina einkenni þeirra og setja þær í samhengi við fræðasamfélagið hér á landi. Í sumum tilfellum var sérstaklega spurt um rannsóknir á afmörkuðu tímabili (2017-2020) til að fá nánari mynd af því hvernig söfnin nálguðust sitt eigið rannsóknastarf. Við fyrirlögn könnunarinnar var trúnaði heitið og því eru einstök söfn, sýningar eða rannsóknaverkefni ekki nafngreind í þessari skýrslu. Öll viðurkennd söfn samkvæmt lista safnaráðs frá desember 2020 fengu könnunina senda til svörunar (sjá viðauka). Af þeim 46 söfnum sem hafa hlotið viðurkenningu svöruðu 32 þeirra könnuninni í heild, sem gerir 70% svarhlutfall. Af því má ráða að áreiðanleiki könnunarinnar sé innan hæfilegra marka. Lagðar voru fyrir 27 spurningar sem ýmist voru opnar eða lokaðar, annars vegar í þeim tilgangi að safna tölfræðilegum upplýsingum og hins vegar að öðlast dýpri skilningi á rannsóknamenningu safna.



## Grunnbreytur

Grunnbreytur könnunarinnar eru fjórar: tegund safns, eignarhald, rekstrarkostnaður og stöðugildi. Grunnbreytur gefa vísbendingu um samsetningu safnasviðsins.

Þegar grunnbreytur eru skoðaðar sést að menningarminjasöfn eru algengasta tegund safna sem oftast eru í eigu sveitarfélaga. Þá kemur í ljós að mikill meirihluti safna hefur fáa starfsmenn, en rúmlega helmingur hefur tvö til fimm stöðugildi, og næstum fimmtungur hefur aðeins eitt stöðugildi eða minna. Líklegt er að smæð safna hafi áhrif á getu þeirra til að sinna lögboðnum skyldum, sér í lagi rannsóknum, sem krefjast tíma, mannauðs og fjármagns.


## 3. Niðurstöður könnunar

### Stefna um rannsóknir

Þegar spurt var um hvort söfn hefðu opinbera stefnu um rannsóknir svaraði einungis 41% svarenda játandi. Þetta er mikill viðsnúningur frá árinu 2014, þegar 71% safna sögðust hafa yfir opinberri rannsóknastefnu að búa.

Þegar spurt var um hvar stefnuna væri að finna var bent á stofnskrár, heimasíður, ársskýrslur og starfsstefnur. Í einhverjum tilfellum var bent á einstök verkefni og upplýsingar um þau á heimasíðum.


Hugsanleg skýring á þessum viðsnúningi nú er að misskilnings hafi gætt í fyrri könnun, þar sem í ljós kom að um fremur almennt orðalag í stefnum var að ræða (t.d. „safnið stundar rannsóknir á sínu starfssviði“) frekar en að eiginleg rannsóknastefna lægi fyrir. Mögulegt er að einhverjir svarendur könnunarinnar nú hafi einnig skilið spurninguna á þann máta. Þó má draga þá ályktun að nú hafi spurningin haft skýrari merkingu en í þeirri fyrri, frekar en að rannsóknastefnum hafi fækkað svo mikið síðan 2014.



## Umfang rannsókna

Flestir telja að umfang rannsókna á safni þeirra sé frekar lítið miðað við aðra starfsþætti, eða 37% svarenda, meðan sama hlutfall taldi það vera í meðallagi í könnuninni 2014. Athygli vekur að nú telja engir svarendur að umfangið sé mjög mikið, meðan árið 2014 töldu 4% það taka mikið pláss í starfseminni. Þá fjölgar þeim milli ára sem telja umfangið vera mjög lítið, eða úr 7% árið 2014 upp í 20% nú.


Erfitt er að túlka þessar sveiflur þar sem ekki er sérstakt eftirlit með rannsóknavirkni safna af hendi eftirlitsaðilans. Þetta gæti annars vegar þýtt að rannsóknavirknin hafi hrapað í raun milli ára, eða að breyttur skilningur svarenda á hugtakinu *rannsókn* ráði svo ólíkum svörum.





## Mannauður


Þegar spurt var um menntunarstig kom í ljós að algengast er að starfsmenn hafi fyrstu og aðra háskólagráðu. Af þeim svarmöguleikum sem boðið var upp á var óalgengast að starfsmenn hefðu doktorspróf, enda er það ekki hluti af formlegum menntunarkröfum safnastarfsmanna. Ekki er að merkja miklar breytingar á svörum milli ára við þessari spurningu.



Þegar nánar var spurt um á hvaða fagsviðum safnastarfmenn hefðu menntun kom í ljós afar fjölbreytt mynd, en dæmi voru nefnd um sagnfræði, textíl, safnafræði, listasögu, myndlist, heimspeki, félagsfræði, menntunarfræði, viðskiptafræði, hönnun, menningarstjórnun, sýningarstjórnun, þjóðfræði, ferðamálafræði, hagnýta menningarmiðlun, fornleifafræði, menningarfræði, landbúnaðarvísindi, sjónmenningarfræði, bókasafns- og upplýsingafræði, íslensk fræði, grafíska hönnun, náttúrufræði, arkitektúr, umhverfis- og skipulagsfræði, rússnesku, leiðsögunám, umhverfisfræði, sviðslistir, fjölmiðlafræði, klassísk fræði, fornmal, nútímafræði og

forvörslu. Það er því ljóst að íslensk söfn búa yfir ríkum mannaúði með fjölbreytta þekkingu.


Þegar spurt var hvort nægilegur mannaúður væri til staðar á safninu til að sinna rannsóknum var hlutfallið nokkuð jafnt milli þeirra sem svöruðu neitandi og þeirra sem svöruðu játandi, þótt ívið fleiri telji sig ekki hafa yfir nægum mannaúði að búa, eða 56%. Þetta er nokkurn veginn sama niðurstaða og birtist í könnuninni frá 2014, þegar hlutfall þeirra sem töldu sig ekki hafa nægilegan mannaúð til rannsókna var 54%.



## Tengsl rannsókna við safnkost

Þegar tengsl rannsókna við safnkostinn eru skoðuð birtist nokkuð breytt mynd frá því í fyrri könnun. Árið 2014 stundaði svipaður fjöldi rannsóknir eingöngu á eigin safnkosti (46%) og sá fjöldi sem stundaði að jafnaði rannsóknir á eigin safnkosti eða á viðfangsefnum sem tengdust honum ekki beint (43%). Miðað við svör könnunarinnar nú hækkar síðarnefnda hlutfallið upp í 53%. Í báðum könnunum stunduðu fæstir rannsóknir á viðfangsefnum sem ekki tengjast safnkostinum beint. Í ár vekur athygli að eitt safn sagðist ekki stunda rannsóknir að neinu leyti.


Þegar svarandi var beðinn um að lýsa tengslum rannsókna við safnkostinn kom fram að flestar rannsóknir eiga sér stað í tengslum við sýningargerð og undirbúning sýninga, sem aftur tengdust sérsviði viðkomandi safns. Þá var algengt að lýsa því hvernig rannsóknastarfið væri unnið í tengslum við skráningu gripa, eins og uppruna- og ferilsrannsóknir, rannsóknir sem tengdust forvörslu gripa, eða rannsóknir á safneigninni burtséð frá sýningarhaldi.



## Fjöldi rannsókna og dæmi

Þegar spurt var um heildarfjölda verkefna sem fólu í sér rannsóknir á árunum 2017-2020 kom fram að í flestum tilfellum voru þau á bilinu eitt til fimm, eða í 65% tilvika. Þetta hlutfall var 75% í könnuninni 2014. Í ár sögðust tvö söfn ekki hafa stundað neinar rannsóknir á tímabilinu, eða tæplega 6% svarenda.


Þegar beðið var um dæmi af verkefnum sem fólu í sér rannsóknir var algengast að um viðfangsefni í tengslum við sýningargerð og útgáfu væri ræða, líkt og í spurningunni á undan. Eitt safnið lýsti því hvernig að meðaltali 2-2,5 stöðugildi hefðu unnið við rannsóknir á tímabilinu. Margir svarendur lýstu því að mikil rannsóknavinna færi að jafnaði



fram í tengslum við munaskráningu í Sarp, líkt og birtist í svörum árið 2014. Þá nefndu sumir vöktunarrannsóknir og almennar rannsóknir á safnkostinum.

## Miðlun rannsókna

Könnunin leiddi í ljós mikinn fjölbreytileika í miðlun safnarannsókna. Rétt eins og í könnuninni 2014 var algengast að miðla afrakstri rannsókna í sýningagerð eða á heimasíðu viðkomandi safns og næstalgengast var að miðlun ætti sér stað í formi ársskýrsla, eigin útgáfu og sýningarskráa. Í þeim tilfellum sem merkt var við „annað“ var átt við fyrirlestra eða birtingar á ytri vef Sarps.




## Verkaskipting rannsókna og hlutverk rannsakenda

Þegar spurt var um verkaskiptingu rannsókna kom í ljós að í flestum tilfellum var um að ræða blöndu af starfsmönnum viðkomandi safns og utanaðkomandi aðila, eða í 44% tilvika. Örlítið lægra hlutfall var eingöngu með eigin starfsmenn til að sinna rannsóknum, eða 38%. Þónokkra fjölgun mátti greina milli kannana í þeim tilfellum sem utanaðkomandi aðilar voru ráðnir til að sinna rannsóknum, sem hækkaði úr 7% frá árinu 2014 í 18% nú.


## Lýstu verkaskiptingu rannsókna á þínu safni

- Að jafnaði sinna starfsmenn safnsins rannsóknum.
- Að jafnaði eru utanaðkomandi aðilar ráðnir til að sinna rannsóknum.
- Að jafnaði er það blanda af starfsmönnum safnsins og utanaðkomandi aðilum sem sinna rannsóknum.



Þessi samsetning rannsækenda, þar sem rannsóknastarf í höndum starfsmanna er eingöngu í 38% tilvika, vekur upp spurningar um mannauð safna og bendir til þess að söfnin sjálf hafi ekki yfir nægum mannafla að ráða til að sinna þeim rannsóknum sem þau stunda. Þetta er í nokkru ósamræmi við svörin við spurningunni hér að framan um hvort söfnin telji sig hafa nóg af fólki til að sinna rannsóknum, þar sem um helmingur svarenda telja svo vera.

## Tilgreinið hlutverk utanaðkomandi aðila í rannsóknum




Í þeim tilfellum þar sem um „annað“ var að ræða komu fram eftirfarandi útskýringar: „Eigendur lánsverka“, „heimamenn sem segja frá sögu sinna bæja“, eða „einhver sem fær áhuga á einhverju viðfangsefni sem tengist safninu og hefur umsjón með rannsókninni.“ Þetta gefur til kynna þá nálgun að ekki sé nauðsynlegt að hafa rannsóknþjálfun að baki til að stunda rannsóknir, sem er áhugavert í ljósi nýlegrar umræðu um safnarannsóknir og samskiptun þekkingar með nærsamfélaginu, almenningi og gestum.<sup>3</sup>

<sup>3</sup> Sjá 4. kafla í bók eftir Emily Pringle, *Rethinking Research in the Art Museum* (Co-researching with community members, academics and visitors).

## Samstarf um rannsóknir


Mikill meirihluti svarenda átti í formlegu samstarfi um rannsóknir á tímabilinu 2017-2020, eða 71%. Sama hlutfall birtist í könnuninni 2014. Þegar spurt var hvort talið væri að samstarf myndi styrkja rannsóknir í safnastarfi svöruðu allir nema tveir játandi, eða 94%, meðan hlutfall þeirra sem svöruðu sömu spurningu árið 2014 var 100%. Algengast var samstarf við sjálfstætt starfandi aðila, næstalgengast var samstarf við háskóla, og því næst var samstarf við önnur söfn algengast. Þegar spurt var hvernig söfn teldu að samstarf við aðrar

Átti safnið í formlegu samstarfi við utanaðkomandi aðila um rannsóknir á tímabilinu 2017-2020?



stofnanir myndi styrkja rannsóknastarf birtast þrjú meginþemu: a) það myndi dýpka þekkingarsköpunina, breikka sérþekkinguna og gefa færi á öðrum sjónarhornum en þeim sem starfsfólkið sjálf býr yfir, b) það myndi auðvelda styrkjasókn í samkeppnissjóði, auðvelda utanumhald rannsókna og ýta undir ímynd safna sem rannsóknastofnana, og c) það myndi stuðla að starfsþróun þar sem starfsfólk gæti lært af samstarfsaðilunum, það myndi stuðla að rannsóknþjálfun starfsfólksins og styðja við ástundun rannsóknvinnubragða.

### Tilgreinið við hverja






## Fjármögnun rannsókna

Meirihluti svarenda sótti um styrki til rannsókna í opinbera samkeppnissjóði eða einkasjóði á tímabilinu 2017-2020, eða 70% svarenda, sem er aukning um 10% frá síðustu könnun 2014.


Algengast var að sækja um styrki til rannsókna í safnasjóð, en sú breyting hefur orðið á frá síðustu könnun að sjóðurinn skilgreinir nú sérstaklega rannsóknir sem sérstakan flokk styrkja (sjá 5. kafla). Næstalgengast var að sækja um styrki til rannsókna í menningarsjóði landsfjórðunga og Nýsköpunarsjóð námsmanna.

Þegar spurt var hversu hátt hlutfall af árlegu rekstrarfé safna færi til rannsókna var algengast að það væri á bilinu 1-5%, eða hjá næstum helmingi svarenda.



## Stuðningur við rannsóknarstarf

Þegar spurt var um hvort söfn teldu sig fá nægan stuðning til að sinna rannsóknum, hvort sem væri fjárhagslegan eða faglegan, taldi afgerandi meirihluti hann vera frekar lítinn eða mjög lítinn, samtals yfir 80% svarenda. Aðeins 19% töldu hann vera í meðallagi, og ekkert safn taldi hann vera frekar mikinn eða mjög mikinn. Þegar nánar var spurt um hvers konar stuðningur væri æskilegur var í langflestum tilfellum kallað eftir fjárhagslegum stuðningi. Fram kom að með auknu fjármagni töldu söfnin að hægt væri að bæta við stöðugildum og örva þannig rannsóknarstarf. Þá var einnig kallað eftir öflugri stuðningi við grunnrekstur svo hægt væri að gera langtímaáætlanir um rannsóknir, sem annars lentu aftast í forgangs röðuninni. Sumir nefndu fyrirætlanir um að stofna sérstakar rannsóknastöður eða ráða utanaðkomandi sérfræðinga til að taka þátt í einstökum verkefnum. Þá var einnig bent á nauðsyn þess að stækka samkeppnissjóði.



## Rannsóknamenning

Í opinni spurningu í lok könnunarinnar voru svarendur beðnir að lýsa almennri sýn sinni á safnarannsóknir; með hvaða hætti rannsóknir færu fram á söfnum, hver tengsl rannsókna við aðra starfspætti væru og hvaða gildi rannsóknir hefðu fyrir faglegt starf safna. Að lokum voru svarendur beðnir um að lýsa því hvernig örva mætti rannsóknarþáttinn á þeirra söfnum. Afar fjölbreytt svör komu fram við spurningunum sem gefa mikilvæga innsýn í þá marglaga rannsóknamenningu sem ríkir meðal íslenskra safna. Hér er neðan eru þessi svör dregin saman í nokkra meginþræði.

### **Rannsóknir sem grundvöllur alls safnastarfs**

*„Rannsóknir á safnkosti og fagsviði safns eru grunnur þess faglegra starfs sem á sér stað innan safna.“*

*„Rannsóknir eru ein af grunnstoðum safnastarfsins.“*

*„Rannsóknir eru svo sannarlega grunnþáttur í safnastarfinu. Safnafólk gerir sér ekki grein fyrir að vinnan á bakvið skráningu er í raun lítil rannsókn og skráningin miðlun. Þetta er kannski í raun skortur á sjálfsmynd safnafólks.“*

*„Ég hef alltaf litið á skráningu safngripa sem hluta af rannsóknum enda fer heilmikil rannsóknarvinna í það. Eins forvörslu safngripa.“*

### **Gildi rannsókna**

*„Rannsóknir eru mikilvægt merki um að safnastarfið sé í blóma og sýnir um leið að starfið er faglegt og öflugt.“*

*„Án rannsókna staðnar safn og fylgir ekki faglegri þróun. Stöðnum hefur í för með sér að safn á erfiðara uppdráttar og tapar í baráttunni við að vera faglegt, sýnilegt, áhugavert og trúverðugt.“*

*„Rannsóknastarf dregur að fólk með þekkingu á fræðasviðinu og rannsóknastarf hvetur mjög til þess að starfsmenn viðhaldi þekkingu á sviðinu.“*

*„Rannsóknir á safnkosti efla þekkingu innan safnsins á eign sinni og getu til að miðla þeim fróðleik sem er að finna í safnkostinum. Rannsóknir á safnkostinum auðvelda einnig aðgengi almennings að honum. Rannsóknir á ýmsum öðrum þáttum á starfssvæði safnsins efla þekkingu á samfélaginu og tengja safnið betur við sitt starfssvæði.“*

*„Safngripir einir og sér eru ekki spennandi, heldur er það sagan á bak við þá, hvernig þróuðust þessir gripir, hvernig var nýting þeirra sem hluti af annarri nýtingu. Allt þetta og miklu meira er það sem söfn eiga og þurfa að stunda, til að gera söguna lifandi og aktúela í nútímanum. Við þurfum að þekkja fortíðina til að vita af hverju við erum svona í dag og síðan hvernig við getum þróast áfram og lært af því sem liðið er.“*



### **Framtíðarsýn**

„Eina leiðin til þess að örva rannsóknarþáttinn á mínu safni er að styrkja rekstrargrundvöll safnsins og fjölga starfsfólki, því að það er það sem vinnur rannsóknirnar, eða fá fjármagn til þess að fá utanaðkomandi til þess að vinna rannsóknir í samstarfi eða fyrir safnið.“

„Ég sé fyrir mér að rannsóknarverkefni sem unnin væru í samstarfi safna og jafnvel þvert á greinar gætu aukið með afgerandi hætti almenna þekkingu á arfleifð okkar sem samfélags og auðgað safnaheiminn.“

„Samstarfsverkefni þar sem söfnin sameina krafta sína eða hleyppa utanaðkomandi rannsakerndum inn, aðstoða þá við gagnaöflun og miðla svo jafnvel niðurstöðunum er leið til að örva rannsóknarþáttinn. Glögg er gestsaugað og slík verkefni koma með nýjar nálganir og vitneskju inn í starfið og rannsóknina.“

„Ég verð að viðurkenna að rannsóknir eru ekki eitt af forgangsverkefnum safnsins til næstu fimm ára og mögulega lengur. Það er allt of mikið af algjörum grundvallarþáttum sem eru ekki nógu góðir og fámennt starfslið þarf að vinna þá fyrst að mínu mati.“

„Í rannsóknum innan safnsins hefur fjölgun starfsmanna með safnafræðimenntun breytt nálgun við ákveðna þætti, s.s. rannsóknir á sögu safnsins sjálfs, skráningu starfseminnar og skráningu safnkosts. Meðvitund þeirra sem hafa menntun í safnafræði er meiri um að lítið verkefni geti falið í sér rannsókn og eru ýmis plön um að auka þennan þátt og gera hann sýnilegri. Þátttaka í samstarfsverkefnum er oft það sem þarf til að ýta verkefnum af stað og koma þeim í fast form.“

„Söfnin þyrftu að geta stundað meira rannsóknir til að birta í faglegum tímaritum.“

„Óskandi væri að fjármögnun og mannaflí væri á safninu til að vinna ítarlegri og dýpri rannsóknarvinnu og miðla henni með útgáfu og á annan hátt samhliða sýningarhaldi.“

„Sveitarfélög eru metnaðarlitlir eigendur safna og ná ekki að framfylgja lögum, sérlega varðandi byggðasöfn.“

## 4. Hvað eru safnarannsóknir?

Alþjóðasamtök safna (ICOM) hafa komið sér saman um að fimm grunnþættir faglegs starfs séu söfnun, skrásetning, varðveisla, rannsóknir og miðlun og hefur safnastarf á Íslandi innleitt þessa grunnþætti í starfsemi sinni.<sup>4</sup> Af þessum starfsþáttum má segja að rannsóknahlutverkið sé óræðast, auk þess sem minnst er fjallað um rannsóknastarf safna innan safnafræða almennt. Það er því ekki að undra að þessi starfsþáttur sé hvað minnst sýnilegur í safnastarfinu, því það liggur ekki endilega í augum uppi hvað það þýðir að stunda rannsóknir á söfnum, en jafnvel á stórum og stöndugum söfnum leggur starfsfólk ólíka merkingu í hugtakið.<sup>5</sup> Innan safnafræða er safnarannsóknunum lýst sem „vitrænum athöfnum og iðju sem beint er að uppgötvunum, uppfinningum og framþróun nýrrar þekkingar í tengslum við safnkostinn eða aðra starfsemi safna.“<sup>6</sup> Þetta er nokkuð opin og víð skilgreining, sem aftur gefur söfnum færi á sveigjanleika í sinni nálgun til rannsóknastarfsins. Rétt eins og niðurstöður könnunarinnar hér að framan gefa til kynna, þá eru safnarannsóknir jafnan stundaðar á afar fjölbreyttum viðfangsefnum eins og fræðsluhlutverkinu, upplifun safngesta, áhrifum safna á heilsu og vellíðan, forvörslu safngripa og tækniþróun í miðlun, fyrir utan fagtengdar rannsóknir á safnkostinum sjálfum.<sup>7</sup> Þá er það einkenni safnarannsóknna að þeim er miðlað á fjölbreyttan hátt, s.s. með sýningum, útgáfu, á vef eða með annarri gagnvirkri miðlun. Hins vegar lenda rannsóknir gjarnan aftast í forgangsröðun safna og í þeim tilfellum sem þær eru stundaðar eru þær oftast ekki ósýnilegar eða óreifaðar, og er íslenska safnasviðið engin undantekning þar á.<sup>8</sup> Þá er algengt að söfn eigi erfitt með að fjármagna rannsóknir sínar og skapa þeim svigrúm í erfiðu rekstrarumhverfi nýfrjálshyggjunnar.<sup>9</sup> Í ofanálæg er merking hugtaksins „rannsókn“ óljós í samhengi safnastarfs á alþjóðavísu og algengt er að starfsfólk safna eigi í erfiðleikum með að greina hvenær daglegt starf þeirra telst til rannsókna og hvenær ekki, þar sem mörkin milli þess að rannsaka annars vegar og skrá hins vegar, forverja, undirbúa og setja upp sýningu eða þróa fræðsluprógramm eru óljós.<sup>10</sup> Þetta viðhorf kemur berlega í ljós í opnum svörum könnunarinnar. Það er því ekki að undra að mörg söfn eigi erfitt með að fóta sig í rannsóknahlutverkinu þegar allir þessir óræðu þættir leggjast saman. Undanfarin misseri hefur átt sér stað áhugaverð umræða meðal norrænna safnafræðinga og safnastarfsfólks, þar sem greina má samhljóm með þeim áskorunum sem

---

<sup>4</sup> Siðareglur ICOM fyrir söfn, 2015; safnalög nr. 141/2011.

<sup>5</sup> Sjá t.d. Ólöf G. Sigfúsdóttir, „Blind Spots: Museology on Museum Research“; Pringle, „Rethinking Research in the Art Museum“ og Thomas, „The Return of Curiosity: What Museums are Good for in the Twenty-First Century.“

<sup>6</sup> Desvallées og Mairesse, *Key Concepts of Museology*, bls. 73. Upprunalegur texti: „In the museum, research consists of the intellectual activities and work aimed at discovery, invention, and the advancement of new knowledge connected with the museum collections, or the activities it carries out.“

<sup>7</sup> Cameron, „Museum Collections, Documentation, and Shifting Knowledge Paradigms“; Message og Witcomb, „Introduction: Museum Theory. An Expanded Field“; O'Neill, „Essentialism, Adaptation and Justice: Towards a New Epistemology of Museums“; Thomas, „Museum as Method“.

<sup>8</sup> Anderson, „To Thrive or Survive? The State and Status of Research in Museums“; Cavalli Björkman, Görel og Svante Lindqvist, *Research and Museums (RAM): Proceedings of an International Symposium in Stockholm 22–25 May 2007*; Graham, „Assessing Priorities: Research at Museums“; Lehmann-Brauns, Sichau og Trischler, *The Exhibition as Product and Generator of Scholarship*.

<sup>9</sup> Appleton, „Museums for ‘The People’“; Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Heiða Björk Árnadóttir, „Etnógrafísk endurnýjun safna“; Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Heiða Björk Árnadóttir, „Menningarstefna og fagurfræði“.

<sup>10</sup> Johansen, „Museumsforskning som museumsutvikling“; Petterson, „Museerna och forskningen“; Pringle, *Rethinking Research in the Art Museum*; Sørensen, „Den museale forsknings fremtidsudsigter“.

birtast þar og stöðunni hér á landi. Sem dæmi um þennan samhljóm má til dæmis nefna skort á fjármagni, þörf fyrir uppbyggingu á innviðum rannsókna og stoðþjónustu fyrir rannsóknastarf, sem og kall eftir stuðningi fyrir starfsfólk í að miðla niðurstöðum. Þar að auki fer mikið fyrir umræðunni um óljós mörk rannsókna við aðra starfsþætti, sem og vöntun á stefnumörkun hvað varðar safnarannsóknir, hvort sem er frá yfirvöldum eða frá hendi safnanna sjálfra.<sup>11</sup>

## 5. Fjármögnun safnarannsókna

Viðurkennd söfn fjármagna rannsóknir sínar að stærstum hluta með árlegu framlagi frá eigendum sínum, til viðbótar við sjálfsaflafé í gegnum opinbera samkeppnissjóði, sér í lagi safnasjóð. Hlutverk safnasjóðs er að efla starfsemi safna sem falla undir safnalög, s.s. með því að styrkja rekstur og skilgreind verkefni viðurkenndra safna, samstarfsverkefni slíkra safna innbyrðis og önnur verkefni. Sjóðnum er jafnframt heimilt að styrkja aðra starfsemi til að efla faglegt safnastarf, m.a. rannsóknir á starfssviði sjóðsins og miðlun upplýsinga um þær.<sup>12</sup> Safnaráð fer með umsýslu safnasjóðs, en öll söfn sem hafa hlotið viðurkenningu hafa rétt á að sækja um styrk í sjóðinn. Styrkir eru veittir ýmist til eins árs eða til 2-3 ára, svokallaðir „öndvegisstyrkir“. Styrkflokkar sjóðsins eru níu og skiptast í a) söfnun, b) skráningu (almenna skráningu eða höfundarétt), c) varðveislu, d) rannsóknir, e) miðlun (sýningu, útgáfu, stafræna miðlun eða aðra miðlun), f) safnfræðslu, g) samstarf viðurkennds safns við safnvísa, setur, sýningar, höfuðsöfn og önnur söfn sem eru rekin af ríkinu, h) annað og i) eflingu grunnstarfsemi.<sup>13</sup> Í ársskýrslu safnaráðs 2020 var ekki gerð greining á skiptingu úthlutana í þessa flokka og því ekki hægt að sjá hversu stórt hlutfall safna sótti um skilgreinda styrki í rannsóknir, eða hvers konar verkefni það eru. Þá liggur ekki fyrir hvernig safnaráð skilgreinir styrkflokkinn „rannsóknir“, og því er það söfnunum í sjálfsvald sett með hvaða hætti þau kjósa að skilgreina verkefni sín sem rannsóknaverkefni.

Auk safnasjóðs standa söfnum til boða ýmsir aðrir samkeppnissjóðir hér á landi til fjármögnunar rannsókna. Þar ber helst að nefna fornminjasjóð, húsafriðunarsjóð, myndlistarsjóð, Hönnunarsjóð og Rannsóknasjóð, en sá síðastnefndi er einn helsti samkeppnissjóðurinn á sviði rannsókna hér á landi. Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs til skilgreindra rannsóknaverkefna einstaklinga, rannsóknahópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Sjóðurinn styrkir allar tegundir rannsókna; grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir.<sup>14</sup> Þegar leitað er í gagnagrunni Rannsóknamiðstöðvar Íslands kemur í ljós að örfáir styrkir hafa verið veittir til rannsóknaverkefna sem söfn eru í forsvari fyrir eða eru

---

<sup>11</sup> Sjá t.d. Christensen og Drotner, “Danish Centre for Museum Research: New Modes of Collaboration and Quality Development”; Fjell, Ryymín og Ágotnes, “Vil man ha forskning i museene? Museumspolitiske mål og hindringer for forskningsarbeid”; Grinell og Högberg, “Lagstadgad kunstkap: Om svensk museipolitik og forskning”; Johansen, “Museumsforskning som museumsutvikling”; Petterson, “Museerna och forskningen”; Sørensen, “Den museale forsknings fremtidsudsigter”; *Vilje til forskning: Museumsforskning i Norge i det 21. Århundre* (án höfundar); Ydse, *Museum, arkiv og samfunn. Kunnskapsbehov og utfordringer*.

<sup>12</sup> Sótt af heimasíðu safnaráðs þann 03.05.2021.

<sup>13</sup> <https://safnarad.is/safnasjodur/verklagsreglur/>

<sup>14</sup> Sótt af heimasíðu Rannsóknasjóðs þann 03.05.2021.

aðilar að sem meðumsækjendur.<sup>15</sup> Hér er augljóst að söfn gætu átt í miklu víðtækara samstarfi við háskólastofnanir um rannsóknaverkefni, ekki síst í ljósi þess að þau búa yfir ríkum heimildum, gögnum og gripum sem varpa ljósi á menningar- og náttúruarf, auk þess mikla þekkingarauðs sem býr í starfsfólki.

## 6. Stjórnsýsla safnarannsóknna

Segja má að nokkuð flókin mynd birtist þegar stjórnsýsla íslenskra safna er skoðuð. Um öll viðurkennd söfn gilda safnalög nr. 141/2011, og þar að auki gilda um höfuðsöfnin þrjú ýmis önnur lög og reglugerðir.<sup>16</sup> Einnig eiga opinber söfn að starfa eftir menningarstefnu stjórnvalda frá 2013<sup>17</sup> fyrir utan eigin stefnumörkun hvers safns fyrir sig. Hér á eftir er rætt um hvernig stjórnsýslan tekur á rannsóknabættinum í faglegu starfi safna, hvernig orðræða um safnarannsóknir birtist í siðareglum og lögum og hvernig eftirliti með þessum starfsþætti er háttað hér á landi.

### Siðareglur ICOM fyrir söfn

Í safnalögum er kveðið á um að söfn skuli starfa eftir siðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM), en þar er sameiginlegur vettvangur safna fyrir umræðu um fagleg málefni á hnattræna vísu. Ráðið setur fram lágmarkskröfur um safnastarf með megináherslu á þjónustu við samfélagið, almenning og hina ýmsu hópa, auk þess að leggja áherslu á fagleg vinnubrögð safnafólks.<sup>18</sup> Eitt helsta verkefni ráðsins hefur verið að þróa og gefa út siðareglur og eru þær birtar í íslenskri þýðingu á heimasíðu Íslandsdeildar ráðsins. Þegar umfjöllun um rannsóknir er skoðuð sérstaklega má sjá að áhersla er lögð á tengsl við safnkost, hlutverk og stefnu safna, að rannsóknir skuli samræmast lögum og akademískum vinnubrögðum, og að safnafólki beri skylda til að miðla þekkingu sinni og reynslu til kollega, fræðimanna og nemenda á viðkomandi sviði. Þá er fjallað um nauðsyn þess að efna til samstarfs og samráðs milli stofnana sem starfa á sambærilegum sviðum, s.s. æðri menntastofnana eða annarra opinberra stofnana. Einnig er kveðið á um akademíska ábyrgð þannig að fagfólki í söfnum beri að styðja rannsóknir, varðveislu og notkun á þeim upplýsingum sem safneignin hýsir.<sup>19</sup> Í siðareglunum má sjá að rannsóknir eru veigamikill hluti af því heildarstarfi sem fram fer innan safna og að sameiginleg niðurstaða hefur náðst meðal safnafólks á alþjóðlegum vettvangi um hvernig æskilegt sé að haga þessum starfsþætti.

---

<sup>15</sup> Verkefnið „Orðasafn um myndlist“ hlaut styrk árin 2005 og 2006, með aðsetur hjá Listasafni Íslands. Verkefnið „Tilfinningar, efnisheimur og hversdagslíf á 19. og fyrri hluta 20. aldar á Íslandi“ hlaut styrk árið 2014, með aðsetur hjá Þjóðminjasafni Íslands, og verkefnið „Heimsins hnoss: Söfn efnismenningar, menningararfur og merking“ hlaut öndvegisstyrk árið 2018, sem unnið var í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands.

<sup>16</sup> Um Listasafn Íslands gilda safnalög nr. 141/2011, reglugerð nr. 171/2014 og myndlistarlög nr. 64/2012. Um Náttúrminjasafn Íslands gilda safnalög nr. 141/2011 og Lög um Náttúrminjasafn Íslands nr. 35/2007. Um Þjóðminjasafn Íslands gilda safnalög nr. 141/2011, lög um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011, lög um menningarminjar og reglugerð um Þjóðminjasafn Íslands nr. 896/2006.

<sup>17</sup> Menningarstefna, 2013.

<sup>18</sup> Siðareglur ICOM fyrir söfn, 2015.

<sup>19</sup> Sama heimild, greinar 3.5, 3.9, 3.10 og 8.4.

## Safnalög

Hér á landi er það bundið í lög að söfn skuli stunda rannsóknir, hafi þau öðlast viðurkenningu ráðherra.<sup>20</sup> Í safnalögum segir að með „söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum, sýningum og annarri miðlun“ sé hlutverk safna að „varpa ljósi á menningar-, náttúru- og listasögu landsins, styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs og gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum.“<sup>21</sup> Þá er fjallað sérstaklega um höfuðsöfn þar sem kveðið er á um að þau skuli hafa forystu í málefnum safna á sínu sviði og leiða faglegt samstarf safna og annarra aðila.<sup>22</sup> Jafnframt er kveðið á um að safnkostur höfuðsafna skuli vera undirstaða fræðslu- og sýningarstarfs og að hann skuli „vera aðgengilegur til rannsókna.“<sup>23</sup>

## Safnaráð

Safnaráð er stjórnarsýslunefnd sem starfar eftir safnalögum nr. 141/2011 og er meginhlutverk þess að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu, vinna að stefnumörkun um safnastarf, fjalla um viðurkenningar safna og veita umsagnir um styrkumsóknir í safnasjóð. Eitt mest afgerandi hlutverk ráðsins er að setja skilmála fyrir veitingu viðurkenningar til íslenskra safna, en samkvæmt lögum þurfa söfn að uppfylla tiltekin skilyrði varðandi húsnaði, öryggismál, aðgengi, skráningarkerfi, sem og aðra faglega starfshætti til að öðlast viðurkenninguna. Í reglugerð kemur fram að til að hljóta viðurkenningu ráðherra skuli safn „stunda rannsóknir og miðlun upplýsinga um eigin safnkost og starfsemi og taka þátt í samstarfi, svæðisbundið, á landsvísu og alþjóðlega.“<sup>24</sup> Þá kemur fram í safnalögum að söfn skuli „leitast við að efla faglegt starf á sínu sviði og standast lágmarkskröfur um söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknir og miðlun.“<sup>25</sup> Lágmarkskröfur um flesta starfshætti eru skilgreindar í reglugerðinni, en þar er þó ekki að finna kröfur eða viðmið um rannsóknastarf. Þar af leiðandi hefur safnaráð engin viðmið til að sinna eftirlits- og stuðningshlutverki sínu hvað varðar rannsóknabáttinn, og af því má leiða að rannsóknir vegi minnst þegar kemur að viðurkenningu eða afturköllun viðurkenningar.<sup>26</sup> Það gefur augaleið að meðan engin viðmið eða leiðbeiningar eru til um safnarannsóknir mun þessi starfshættur verða áfram óræður og óljós, burtséð frá fjármögnun, tíma og mannaúði. Sömu áskoranir mæta söfnum á Norðurlöndum og víðar, sbr. neðanmálgrein nr. 11 hér að framan. Þá hamlar skilgreiningarleysið einnig stefnumótun safnanna hvað rannsóknabáttinn varðar og á sama tíma er víða pottur brotinn hvað varðar leiðbeinandi stefnumörkun fyrir safnasviðið.<sup>27</sup>

---

<sup>20</sup> Safnalög nr. 141/2011, 3. gr.

<sup>21</sup> Safnalög nr. 141/2011, 3. gr.

<sup>22</sup> Höfuðsöfn eru söfn í eigu ríkisins og eru miðstöðvar safnastarfsemi hvert á sínu sviði. Þau eru öðrum söfnum þau eru öðrum söfnum til ráðgjafar, stuðla að samvinnu milli safna og skulu stuðla að samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði.

<sup>23</sup> Safnalög nr. 141/2011, 8. gr.

<sup>24</sup> Reglugerð um viðurkenningu safna nr. 900/2013, 4. gr.

<sup>25</sup> Safnalög nr. 141/2011, 14. gr, liður F.

<sup>26</sup> Þetta var að staðfest í viðtali við framkvæmdastjóra safnaráðs 30.09.2020.

<sup>27</sup> Leiðbeinandi stefnumörkun er í höndum yfirvalda og ýmissa nefnda eða stofnana á þeirra vegum, s.s. safnaráðs, höfuðsafnanna, háskólastofnana o.s.frv.

## 7. Stefnumörkun um safnarannsóknir

Eitt af meginhlutverkum safnaráðs er að móta heildarstefnumörkun um safnastarf í landinu, í samstarfi við höfuðsöfnin þrjú. Í júní á þessu ári gaf safnaráð út *Stefnumörkun um safnastarf*, þar sem markmið eru sett fram í sjö köflum ásamt leiðum að þeim.<sup>28</sup> Þetta er í fyrsta sinn sem slík stefnumótun er gefin út fyrir allt safnasviðið í heild, en fram að því hefur mátt líta á safnalögin sjálf sem stefnumótandi, sem og fjárlög og menningarsamninga hverju sinni.<sup>29</sup> Í hinni nýju stefnu er sérstakur kafli um söfn og rannsóknir, þar sem það viðhorf endurspeglast að rannsóknir séu „órjúfanlegur hluti af grunnstarfi safna“ og að „mikil rannsóknarvinna felist í daglegu safnastarfi.“<sup>30</sup> Stefnemarkmiðið um rannsóknir snýst um „að efla rannsóknir á öllum sviðum safna.“ Jafnframt eru settar fram fimm leiðir að þessu markmiði: a) að söfn setji sér *skýr rannsóknarmarkmið*, sem séu hluti af almennri stefnumörkun safna b) að söfn stundi *fjölbreyttar tegundir rannsókna*, þar sem mismunandi aðferðum sé beitt, c) að auka þurfi *stuðning við fræðilegar rannsóknir*, þar sem sérstaklega er hvatt er til samstarfs við háskóla, d) að tryggja þurfi *aðgang að frumgögnum*, hvort sem þau eru áþreifanleg eða óáþreifanleg, og e) að þróa þurfi *tölfræði og hagvísu um safnastarf*, með áherslu á hagræn áhrif safna.

Markmiðið um að efla rannsóknir á öllum sviðum safna og þær leiðir sem hér eru settar fram til að ná því eru fyrsti formlegi leiðarvísirinn sem söfn geta nú horft til við að styrkja rannsóknastarf sitt. Hinsvegar er næsta víst að þau muni þurfa stuðning til innleiða bæði markmiðið og leiðirnar að því í sínar árlegu starfsáætlanir og vinnumenningu sína, ekki síst í ljósi þess að hér er hugmyndin um rannsóknir afar sveigjanleg og opin fyrir ólíka túlkun (sem einnig er kostur á sama tíma). Þá er óljóst hvaða aðili eigi að fylgja stefnumótuninni eftir, hvernig innleiðingunni verði háttað og, ekki síst, hver muni bera ábyrgð á árangursmælingum henni tengdum sem og mati á ávinningi hennar fyrir safnasviðið í heild.

### Höfuðsöfnin þrjú

Eitt af meginhlutverkum höfuðsafnanna þriggja er að þróa samræmda safnastefnu hvert á sínu sviði, sem önnur söfn geta litið til í sinni stefnumótun. Hér á eftir er fjallað um rannsóknahlutverkið eins og það birtist í lögum og opinberri stefnumörkun höfuðsafnanna. Ekki verður fjallað um eiginlegt rannsóknastarf höfuðsafnanna eða stöðu rannsókna innan þeirra, þar sem þau falla ekki undir viðurkenningarferli safnaráðs og voru því ekki þátttakendur í könnuninni.

#### *Þjóðminjasafn Íslands*

Í lögum um Þjóðminjasafn Íslands er tekið fram að safnið skuli „rannsaka og annast kynningu á menningarminjum með sýningum, útgáfu á fræðilegum ritum og annarri fræðslustarfsemi til að

---

<sup>28</sup> Stefnumörkun um safnastarf, 2021.

<sup>29</sup> Sigurjón B. Hafsteinnsson og Heiða B. Árnadóttir ræða hvernig menningarpólítísk stefna birtist í gegnum stjórnkerfi menningarinnar á hverjum tíma, sjá grein þeirra „Menningarstefna og fagurfræði“.

<sup>30</sup> Sama heimild, bls. 13.

veita sem víðtækasta sýn á íslenska sögu og setja hana í alþjóðlegt samhengi.<sup>31</sup> Í lögum um menningarminjar nr. 20/2012 er kveðið á um rannsóknir á fornleifum, en með því er átt við „vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum ... eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknasvæði.“ Þá er í lögnum sett fram formleg skilgreining á rannsóknum á sviði fornleifa: „Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum.“<sup>32</sup>

Lagaleg rannsóknaskylda Þjóðminjasafnsins endurspeglast í stefnumótun þess, *Safnastefnu á sviði menningarminja* frá árinu 2017, sem einnig er ætlað að vera leiðbeinandi stefna fyrir önnur viðurkennd söfn á sviðinu. Auk þessarar samræmdu safnastefnu setur safnið sér einnig sína eigin stefnu, þar á meðal hvernig rannsóknum skuli hagað. Í henni er það markmið sett að „ávallt séu stundaðar rannsóknir á öllum minjaflokkum og að rannsóknir verði hluti af öllum skipulögðum varðveislu- og miðunarverkefnum. Stefnt er að samstarfi við aðra rannsóknaraðila og að efla þverfagleg og fjölþjóðleg tengsl við rannsóknir á Íslandi.“ Þá eru listaðar fjórar leiðir að þessu markmiði, sem eru 1) að ljúka þeim rannsóknaverkefnum sem þegar eru hafin, 2) að gera árangur rannsókna sýnilegan í nafni safnsins, 3) að rannsóknastaða í nafni dr. Kristjáns Eldjárns skuli efla rannsóknir á safninu, og 4) að stuðlað verði að samstarfi við háskólastofnanir um kennslu á sérsviðum safnsins.<sup>33</sup> Þá ber þess að geta að í gildi er samstarfssamningur milli Þjóðminjasafns Íslands og Háskóla Íslands, þar sem kveðið er á um rannsóknasamstarf, í því markmiði að efla akademískt rannsóknastarf beggja stofnana, m.a. með málþingum, ráðstefnuhaldi, öflun styrkja, samvinnu um rannsóknaverkefni, útgáfu og annarri miðlun.<sup>34</sup> Í *Safnastefnu á sviði menningarminja* birtist orðræða um rannsóknir í öllum köflum hennar. Í stefnunni kemur fram að „rannsóknir byggja á safnkostinum“ og að þær séu jafnframt „undirstaða miðlunar.“ Þá kemur einnig fram að „leggja þarf metnað í heimildavinnu og skráningastarf, þar sem varðveisla þekkingar er í fyrirrúmi og rannsóknargögn kynslóðanna sem á eftir okkur koma verða til.“ Þá er rætt um fjölbreytni rannsókna og að „taka þurfi mið af ólíkri nálgun þeirra fræðigreina sem unnið er út frá, eða eru framkvæmdar á þverfaglegum grunni.“ Í þessu felist „ómetanleg þekkingarsköpun bæði fyrir safn og samfélag“, og þá er því lýst að miðlun afraksturs rannsókna geti verið í ólíku formi, s.s. með erindum, sýningum, útgáfu rita og greina. Einnig er rætt um mikilvægi þess að „ tryggja gildi safnkosts fyrir rannsóknir og miðlun með góðri skráningu og nýta aðferðir samtímasöfnunar þar sem það á við.“ Að síðustu er fjallað um mannauðinn og mikilvægi þess að „styrkja grundvöll rannsókna og miðlunar með virkri þátttöku í fræðilegri umræðu sem á sér stað hérlendis, sem og á alþjóðlegum vettvangi. Vel menntað starfsfólk með bakgrunn úr fjölbreyttum fræðigreinum hefur margt fram að færa og er full ástæða fyrir söfn til að virkja þessa þekkingu og reynslu.“<sup>35</sup>

<sup>31</sup> Lög um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011, 3. gr.

<sup>32</sup> Lög um menningarminjar nr. 20/2012, 6. gr.

<sup>33</sup> Stefnur Þjóðminjasafns Íslands 2017.

<sup>34</sup> „Háskólinn og Þjóðminjasafnið treysta samstarf sitt“.

<sup>35</sup> Safnastefna á sviði menningarminja.

### *Náttúruminjasafn Íslands*

Í lögum um Náttúruminjasafn Íslands kemur fram að safnið skuli varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu og samspil manns og náttúru. Þá skal safnið „annast rannsóknir á starfssviði sínu“, eiga samstarf við „vísinda- og rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða á vegum ríkisins og annarra aðila“, auk þess sem safnkostur þess, ásamt vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar, skuli vera „undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og rannsókna þess.“<sup>36</sup> Samræmd stefna á sviði náttúruminja er í mótun þegar þessi skýrsla er gefin út og því ekki unnt að greina nálgun til rannsókna á því safnasviði að svo stöddu. Hins vegar leggur Náttúruminjasafn töluverða áherslu á rannsóknavirkni starfsmanna sinna sem birtist í ýmsum rannsóknaverkefnum og stærri samstarfsverkefnum, sem og öflun styrkja úr opinberum samkeppnissjóðum undanfarin ár.<sup>37</sup>

### *Listasafn Íslands*

Í myndlistarlögum nr. 64/2012 er fjallað um hlutverk Listasafns Íslands: „Safnið skal einkum leitast við að safna íslenskri myndlist, vera miðstöð varðveislu, rannsókna, heimildasöfnunar og miðlunar á íslenskri myndlist. [Það] skal leitast við að koma upp metnaðarfullu safni íslenskrar myndlistar, skrá það, rannsaka, varðveita og miðla, innan lands og utan.“ Þá er safninu gert að „afla heimilda og stuðla að öflun og miðlun þekkingar á íslenskri myndlist til almennings og sérfræðinga til fræði- og rannsóknarstarfa.“<sup>38</sup>

Listasafn Íslands hefur nýverið gefið út samræmda stefnu á sviði myndlistar sem ætlað er að vera ráðgefandi fyrir öll viðurkennd söfn á sama sviði.<sup>39</sup> Stefnan setur fram sjö markmið, þar af eitt um rannsóknir: „Efla þarf rannsóknir á myndlist og gæta þess að söfn séu virk í að víkka út hugmyndir um í hverju rannsóknarstarf felst. Mikil gróska er í þverfaglegum rannsóknum sem eiga erindi við listfræðilegar rannsóknir og rannsóknir á safnastarfi. Auka þarf aðgengi að rannsóknarniðurstöðum.“ Þá eru útlistaðar leiðir að þessu markmiði, sem felast í fyrsta lagi í því að efla rannsóknir á myndlist, í öðru lagi að efla listasöfn sem rannsóknaveitvang og í þriðja lagi að setja skýr rannsóknamarkmið. Í stefnunni er því lýst að listasöfn stundi vandaðar rannsóknir á íslenskri myndlist í alþjóðlegu samhengi. Á sama tíma hafi þau mismikla burði til að sinna rannsóknum í hefðbundnum akademískum skilningi og að þátttaka minni listasafna felist ekki síst í að veita aðgang að safnkosti og grunnupplýsingum sem hvort tveggja leggi grunn að frekari rannsóknum. Mikilvægt sé að styðja við og styrkja tengingar listasafna og háskóla- og fræðasamfélags og stuðla að þeim gagnkvæma ávinningi sem felist í samstarfi. Þá er það sérstaklega dregið fram að listasöfn sinni ýmsum rannsóknum í sínum daglegu störfum, til að mynda í tengslum við sýningagerð og miðlun safnkosts, og að þetta sé grundvöllur aukinnar þekkingar innan listasafna. Einnig er lögð áhersla á að söfn setji sér skýr markmið hvað varðar

---

<sup>36</sup> Lög um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007, 2. og 3. gr. Athyglisvert er að einungis söfnum á sviði náttúruminja er gjarnan skipt upp í vísindasafn annars vegar og hins vegar sýningasafn. Slíka skiptingu er ekki að merkja í orðræðu um annarskonar söfn.

<sup>37</sup> Sjá má nálgun safnsins til rannsóknarstarfs sem og dæmi um rannsóknarverkefni á heimasíðu þess: <https://nmsi.is/rannsoknir/>

<sup>38</sup> Myndlistarlög nr. 64/2012, 2. og 3. gr

<sup>39</sup> Samræmd safnastefna á sviði myndlistar.



rannsóknastarf sitt, jafnt í akademískum sem öðrum rannsóknum, að þau vinni markvisst að þeim og eigi samstarf um miðlun rannsóknafraksturs á sameiginlegum vettvangi.<sup>40</sup>

## 8. Lokaorð

Í þessari skýrslu eru settar fram niðurstöður könnunar árið 2020 um skipulag og umfang rannsókna við íslensk söfn ásamt samanburði við sömu könnun frá 2014. Þótt sjö ár hafi liðið milli kannana gefa niðurstöður ekki til kynna mikinn mun á umfangi, skipulagi eða nálgun til safnarannsókna á tímabilinu. Áfram ræða svarendur um skort á fjármagni og mannauði um leið og niðurstöður benda til þess að gróskumikið rannsóknastarf eigi sér stað. Svörin gefa sterklega til kynna mikinn vilja safnanna til að auka við rannsóknabáttinn og kalla eftir meiri stuðningi til rannsókna, hvort sem er fjárhagslegum eða í formi stoðþjónustu. Af svörunum að dæma skortir ekki skilning á mikilvægi rannsókna og tengslum þeirra við aðra starfsþætti. Það sem hins vegar virðist standa rannsóknum fyrir þrifum er smæð safna, tímaskortur, fjármagnsskortur og stuðningur. Mikill áhugi er á samstarfi bæði milli safna, sem og við háskólastofnanir, þar sem trú er á að slíkt samstarf myndi ekki eingöngu auka fjölbreytni og dýpt þekkingarsköpunarinnar, heldur myndi það einnig stuðla að yfirfærslu þekkingar milli stofnana auk þess að vera hvetjandi fyrir starfsfólk.

Í síðari hluta skýrslunnar var leitast við að setja efnið í samhengi við safnafræðilega orðræðu um rannsóknir á söfnum, en svo virðist sem rannsóknabátturinn í starfi safna á alþjóðavísu sé víða óljós, sem aftur skapar óreiðu og jafnvel óöryggi meðal starfsfólks. Þá var stjórnsýslulegu umhverfi safna lýst með áherslu á rannsóknabáttinn og eftirlit með honum. Því næst var rýnt í opinbera stefnumótun um safnarannsóknir með áherslu á höfuðsöfnin þrjú. Þegar sú stefnumörkun sem safnaráð hefur nú lagt fram gæti næsta skref verið að skilgreina frekar hvað átt er við með rannsóknum á söfnum svo söfn geti betur sett sér skýra stefnu innan sinna vébanda. Einungis þá er hægt að hafa styðjandi eftirlit með þessum grunnstarfsþætti safnastarfs og draga fram virði safnarannsókna og framlag þeirra til samfélagsins.

---

<sup>40</sup> Sama heimild.

# Heimildaskrá

- Anderson, R.G.W. To Thrive or Survive? The state and status of research in museums. Í *Museum Management and Curatorship*, 20, no. 5 (2005): 297-311. doi:10.1016/j.musmancur.2005.10.001
- Appleton, Josie. „Museums for ‘The People.’“ *Museums and Their Communities*, ritstýrt af Sharon Watson, 114–126. New York: Routledge, 2007.
- Ársskýrsla safnaráðs 2019. Reykjavík: Safnaráð, 2020.
- Cameron, Fiona. „Museum Collections, Documentation, and Shifting Knowledge Paradigms.“ *Reinventing the Museum: The Evolving Conversation on the Paradigm Shift*, ritstýrt af Gail Anderson. New York: Alta Mira Press, 2012.
- Cavalli-Björkman, Görel og Svante Lindqvist, ristj. Research and Museums (RAM): Proceedings of an International Symposium in Stockholm 22–25 May 2007. Stockholm: Nationalmuseum, 2008.
- Christensen, Hans D. og Kirsten Drotner. „Danish Centre for Museum Research: New Modes of Collaboration and Quality Development.“ *Nordisk Museologi* 1 (2013): 125-127.
- Graham, Mark. „Assessing Priorities: Research at Museums.“ *Museum Management and Curatorship* 20, no. 4 (2005): 287–291. doi:10.1016/j.musmancur.2005.10.002.
- Lög um menningarminjar nr. 20/2012.
- Lög um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007.
- Lög um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011.
- Myndlistarlög nr. 64/2012.
- Fjell, Tove I., Teemu Ryymin & Hans-Jakob Ågotnes. „Vil man ha forskning i museene? Museumspolitiske mål og hindringer for forskningsarbeid.“ *Nordisk Museologi* 2 (2020): 26-40. DOI: <https://doi.org/10.5617/nm.8438>
- Forskningsstrategi for Kulturministeriets område. Kaupmannahöfn: Kulturministeriet, 2009.
- Grinell, Klas og Anders Högberg. „Lagstadgad kunstkap: Om svensk museipolitik och forskning.“ *Nordisk Museologi* 2 (2020): 41-49.
- „Háskólinn og Þjóðminjasafnið treysta samstarf sitt“. Frétt sótt af heimasíðu Háskóla Íslands 18.05.2021 af [https://www.hi.is/frettir/haskolinn\\_og\\_thjodminjasafnid\\_treysta\\_samstarf\\_sitt](https://www.hi.is/frettir/haskolinn_og_thjodminjasafnid_treysta_samstarf_sitt)
- Heen, Hanne og Robert Salomon. Forskning om museer og arkiv. En evaluering av et forskningsprogram i regi av Kulturrådet. Oslo: Arts Council Norway, 2013.
- Johansen, Anders. „Museumsforskning som museumsutvikling.“ *Nordisk Museologi* 2 (2000): 59-68.
- Lehmann-Brauns, Susanne, Christian Sichau og Helmuth Trischler, ristj. *The Exhibition as Product and Generator of Scholarship*. Berlin: Max Planck Institute for the History of Science, 2010.
- Menningarstefna. 2013. Reykjavík: mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt 18.05.2021 af [https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Menningarmal/menningarstefna\\_2013.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Menningarmal/menningarstefna_2013.pdf)
- Message, Kylie og Andrea Witcomb. „Introduction: Museum Theory. An Expanded Field.“ Í *The International Handbooks of Museum Studies. Vol. 1: Museum Theory*, ritstýrt af Kylie Message og Andrea Witcomb, xxxv-lxiii. Chichester: Wiley Blackwell, 2015.
- O'Neill, Mark. „Essentialism, Adaptation and Justice: Towards a New Epistemology of Museums.“ *Museum Management and Curatorship* 21, no. 2 (2006): 95–116. doi:10.1080/09647770600302102
- Ólöf G. Sigfúsdóttir, „Curatorial Research as Boundary Work,“ *Curator: The Museum Journal*, 64, no. 2 (2021), <https://doi.org/10.1111/cura.12421>
- Ólöf G. Sigfúsdóttir, „Blind Spots: Museology on Museum Research.“ *Museum Management and Curatorship*, 35, no. 2 (2019): 196-209, <https://doi.org/10.1080/09647775.2019.1691636>
- Ólöf G. Sigfúsdóttir. Söfn sem þekkingarmiðstöðvar: könnun á umfangi og skipulagi rannsóknna í íslensku safnastarfi. Reykjavík: Safnaráð, 2014.
- Reglugerð um viðurkenningu safna nr. 900/2013.
- Petterson, Richard. „Museerna och forskningen“. *Nordisk Museologi* 2 (2009): 110-129.
- Pringle, Emily. *Rethinking Research in the Art Museum*. London: Routledge, 2019.
- Safnalög nr. 141/2011.
- Safnastefna á sviði menningarminja. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2017.
- Samræmd safnastefna á sviði myndlistar. Reykjavík: Lisasafn Íslands, 2021.
- Síðareglur ICOM fyrir söfn. París: International Council of Museums, 2015.
- Sigurjón B. Hafsteinsson og Heiða B. Árnadóttir. „Etnógráfísk endurnýjun safna“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* (2012): 91-112.
- Sigurjón B. Hafsteinsson og Heiða B. Árnadóttir. „Menningarstefna og fagurfræði“. *Rannsóknir í félagsvísindum XI*, 2010: 276-284.
- Stefnumörkun um safnastarf. Reykjavík: safnaráð, 2021.
- Stefnur Þjóðminjasafns Íslands. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2017. Sótt 14.05.2021 af <https://www.thjodminjasafn.is/media/utgafa/Stefnur-Thjodminjasafns-2017.pdf>
- Sørensen, Signe M. E. „Den museale forsknings fremtidsudsigter“. *Nordisk Museologi* 1-2 (2008): 202-215.
- Thomas, Nicholas. *The Return of Curiosity: What Museums are Good for in the Twenty-First Century*. London: Reaktion Books, 2016.
- Thomas, Nicholas. „Museum as Method.“ *Museum Anthropology* 33, no. 1 (2010): 6–10. doi:10.1111/j.1548-1379.2010.01070.x
- Vilje til forskning: Museumsforskning i Norge i det 21. århundre. Rapport fra et utvalg nedsatt av Kulturdepartementet ledet av Brita Brenna (ekkert ártal). Sótt 08.03.2021 af <https://www.regjeringen.no/contentassets/d466438b78fa4887a88b34d2babff2f8/rapportmuseumsforskning.pdf>
- Ydse, Tone F. *Museum, arkiv og samfunn. Kunnskapsbehov og utfordringer*. Oslo: Norsk Kulturråd, 2007.

# Viðauki

## Viðurkennd söfn skv. lista safnaráðs í desember 2020

- Borgarsögusafn Reykjavíkur
- Byggðasafn Árnesinga
- Byggðasafn Borgarfjarðar
- Byggðasafn Dalamanna
- Byggðasafn Garðskaga
- Byggðasafn Hafnarfjarðar
- Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna
- Byggðasafn Reykjanesbæjar
- Byggðasafn Skagfirðinga
- Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla
- Byggðasafn Vestfjarða
- Byggðasafnið Görðum, Akranesi
- Byggðasafnið Hvoll, Dalvík
- Byggðasafnið í Skógum
- Flugsafn Íslands
- Gljúfrasteinn – hús skáldsins
- Grasagarður Reykjavíkur
- Hafnarborg
- Heimilisiðnaðarsafnið
- Hvalasafnið á Húsavík
- Hönnunarsafn Íslands
- Iðnaðarsafnið á Akureyri
- Kvikmyndasafn Íslands
- Landbúnaðarsafn Íslands ses.
- Listasafn ASÍ
- Listasafn Árnesinga
- Listasafn Háskóla Íslands
- Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn
- Listasafn Reykjanesbæjar
- Listasafn Reykjavíkur
- Listasafnið á Akureyri
- Menningarmiðstöð Hornafjarðar
- Menningarmiðstöð Þingeyinga
- Minjasafn Austurlands
- Minjasafn Egils Ólafssonar
- Minjasafnið Bustarfelli
- Minjasafnið á Akureyri
- Náttúrufræðistofa Kópavogs
- Nýlistasafnið
- Safnasafnið
- Sagnheimar – Byggðasafn og Náttúrugripasafn
- Sauðfjársetrið á Ströndum
- Síldarminjasafn Íslands ses.
- Sjóminjasafn Austurlands
- Tækniminjasafn Austurlands
- Veiðisafnið

